

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2018/743**

2024/EES/11/06

frá 16. maí 2018

**um tilraunaverkefni til að koma til framkvæmda þeim ákvæðum um samvinnu á sviði stjórnsýslu  
sem sett eru fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679, með því að nota  
upplýsingakerfið fyrir innri markaðinn (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1024/2012 frá 25. október 2012 um samvinnu á sviði stjórnsýslu fyrir tilstilli upplýsingakerfisins fyrir innri markaðinn og niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/49/EB („reglugerðin um IM-upplýsingakerfið“) (1), einkum 1. mgr. 4. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Upplýsingakerfið fyrir innri markaðinn (hér á eftir nefnt „IM-upplýsingakerfið“) sem komið var á fót með reglugerð (ESB) nr. 1024/2012 er hugbúnaður, aðgengilegur á Netinu, sem framkvæmdastjórnin hefur þróað í samstarfi við aðildarríkin til þess að hjálpa aðildarríkjunum við að uppfylla í reynd kröfur um upplýsingaskipti, sem mælt er fyrir um í gerðum Sambandsins, með því að koma á miðlægri boðskiptaleið til að auðvelda upplýsingaskipti og gagnkvæma aðstoð yfir landamæri.
- 2) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 (2) er mælt fyrir um reglur um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um reglur er varða frjálsa miðlun persónuupplýsinga. Þar eru sett fram ferli við samvinnu á sviði stjórnsýslu milli eftirlitsyfirvalda, á milli eftirlitsyfirvalda og Evrópska persónuverndarráðsins (hér eftir nefnt „persónuverndarráðið“) og, ef við á, við framkvæmdastjórnina. IM-upplýsingakerfið gæti verið skilvirkt tæki við framkvæmd ákvæðanna um samvinnu á sviði stjórnsýslu sem sett eru fram í reglugerð (ESB) 2016/679. Því er nauðsynlegt að ráðast í tilraunaverkefni, eins og um getur í 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1024/2012.
- 3) Í þeim tilvikum þar sem aðildarríkin hafa tilnefnt, í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/679, eftirlitsyfirvald sem gegnir hlutverki sameiginlegs tengiliðar, ætti einnig að líta á slíkan tengilið sem lögbært yfirvald að því er varðar þetta tilraunaverkefni.
- 4) Í því skyni að tryggja samræmda beitingu ákvæða reglugerðar (ESB) 2016/679, þar sem samstarf milli eftirlitsyfirvalda, framkvæmdastjórnarinnar og persónuverndarráðsins er tilgreint, ætti IM-upplýsingakerfið að gefa kost á geymslu allra viðeigandi gagna varðandi upplýsingaskipti. IM-upplýsingakerfið ætti að gera eftirlitsyfirvöldum kleift að endurnota slík gögn við hvers kyns síðari vinnslu í tengslum við upplýsingaskipti skv. 56. gr. og 60.-66. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679.
- 5) IM-upplýsingakerfið ætti að gefa kost á virkni sem gerir Evrópska persónuverndarráðinu kleift að miðla skjölum og upplýsingum í samræmi við d- til k-lið, m-lið og x-lið 1. mgr. 70. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 sem eru nauðsynleg til að tryggja samræmda og tímanlega vinnslu mála.
- 6) Í samræmi við 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1024/2012 skal framkvæmdastjórnin leggja úttekt á niðurstöðum tilraunaverkefnisins fyrir Evrópuþingið og ráðið. Rétt þykir að kveða á um fyrir hvaða dag ætti að leggja fram slíka úttekt.
- 7) Reglugerð (ESB) 2016/679 kemur til framkvæmda frá og með 25. maí 2018. Þessi ákvörðun ætti því að koma til framkvæmda frá og með sama degi.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið er á fót með 24. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1024/2012.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 123, 18.5.2018, bls. 115. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 241/2019 frá 27. september 2019 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 3, 5.1.2023, bls.70.

(1) Stjtið. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 1.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtið. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

#### Tilraunaverkefnið

Ákvæði 56. gr., 60.-66. gr. og d- til k-liðar, m-liðar og x-liðar 1. mgr. 70 gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 skulu vera viðfang tilraunaverkefnis til að koma til framkvæmda þeim ákvæðum um samvinnu á sviði stjórnsýslu, sem sett eru fram í þessum greinum, með því að nota IM-upplýsingakerfið.

2. gr.

#### Lögbær yfirvöld

Að því er varðar tilraunaverkefnið skulu eftirlitsyfirvöldin sem um getur í 51. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2016/679 og Evrópska persónuverndarráðið sem um getur í 68. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2016/679 (hér eftir nefnt „persónuverndarráðið“) teljast lögbær yfirvöld.

3. gr.

#### Samvinna á sviði stjórnsýslu milli eftirlitsyfirvalda

1. Að því er varðar 56. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2016/679 skal IM-upplýsingakerfið einkum gefa kost á eftirfarandi tæknilegum aðgerðum:

- að hefja samráð til að ákvarða forystueftirlitsyfirvald og önnur viðkomandi eftirlitsyfirvöld vegna tiltekinnar vinnslu yfir landamæri,
- að tilkynna um fyrirhugaða þátttöku í samráði skv. a-lið,
- að tilkynna um að fyrirhugað sé að afgreiða mál á staðnum,
- að tilkynna um hvort forystuyfirvald hyggist fjalla um málið eða ekki.

2. Að því er varðar 60. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2016/679 skal IM-upplýsingakerfið einkum gefa kost á eftirfarandi tæknilegum aðgerðum:

- að tilkynna um og hefja samráð um drög að ákvörðun,
- að tilkynna um og hefja samráð um endurskoðuð drög að ákvörðun,
- að tilkynna um fyrirhugaða þátttöku í samráði skv. a- og b-lið, þ.m.t. um viðeigandi og rökstudd andmæli,
- að tilkynna um samþykkt ákvörðun.

3. Að því er varðar 61. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2016/679 skal IM-upplýsingakerfið einkum gefa kost á eftirfarandi tæknilegum aðgerðum:

- að biðja um gagnkvæma aðstoð frá öðru eftirlitsyfirvaldi í formi upplýsinga og/eða eftirlitsráðstafana,
- að svara beiðni um gagnkvæma aðstoð með samþykki eða í undantekningartilvikum með neitun á að verða við beiðninni,
- að tilkynna um framvindu og niðurstöðu þeirra ráðstafana sem gerðar voru til að bregðast við beiðninni,
- að tilkynna um hvers kyns kostnað.

4. Að því er varðar 62. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2016/679 skal IM-upplýsingakerfið einkum gefa kost á eftirfarandi tæknilegum aðgerðum:

- að bjóða til þátttöku í sameiginlegum aðgerðum, þ.m.t. sameiginlegum rannsóknnum og sameiginlegum framfylgdaráðstöfunum,
- að tilkynna um beiðni um að taka þátt eða ekki taka þátt í sameiginlegri aðgerð,
- að tilkynna um samkomulag um að grípa til sameiginlegrar aðgerðar.

## 4. gr.

**Samvinna á sviði stjórnsýslu milli eftirlitsyfirvalda, persónuverndarráðsins og framkvæmdastjórnarinnar**

1. Að því er varðar 64. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2016/679 skal IM-upplýsingakerfið einkum gefa kost á eftirfarandi tæknilegum aðgerðum:

- a) að leggja fram beiðni um álit persónuverndarráðs á eftirfarandi:
  - i. drögum að ákvörðun lögbærs eftirlitsyfirvalds varðandi einhverjar þær ráðstafanir sem taldar eru upp í 1. mgr. 64. gr.,
  - ii. málefnum, sem hafa almenna skírskotun,
  - iii. málefnum sem hafa afleiðingar í fleiru en einu aðildarríki,
- b) að tilkynna um álitdrög frá persónuverndarráðinu,
- c) að tilkynna um beiðnina og einkum álitdrögin frá persónuverndarráðinu,
- d) að tilkynna um lokaálit frá persónuverndarráðinu,
- e) að tilkynna um hvort fyrirhugað sé að fara að álitu persónuverndarráðsins eða ekki og, ef við á, að breyta drögunum að ákvörðun og tilkynna um breytt drög að ákvörðun.

2. Að því er varðar 65. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2016/679 skal IM-upplýsingakerfið einkum gefa kost á eftirfarandi tæknilegum aðgerðum:

- a) að leggja fram beiðni um bindandi ákvörðun persónuverndarráðsins þar sem:
  - i. hlutaðeigandi eftirlitsyfirvald hefur haft uppi viðeigandi og rökstudd andmæli gegn drögum að ákvörðun forystuyfirvaldsins og forystuyfirvaldið hefur hafnað slíkum viðeigandi og rökstuddum andmælum þar sem þau séu ekki viðeigandi eða rökstudd í samræmi við 4. mgr. 60. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679,
  - ii. ágreiningur er uppi um hvert af hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöldum telst vera lögbært að því er varðar höfuðstöðvarnar,
  - iii. lögbært eftirlitsyfirvald óskar ekki eftir álitu persónuverndarráðsins í tilvikum sem um getur í 1. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679,
  - iv. lögbært eftirlitsyfirvald fylgir ekki álitu sem persónuverndarráðið hefur gefið út skv. 64. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679,
- b) að tilkynna um drög að bindandi ákvörðun persónuverndarráðsins,
- c) að tilkynna um beiðnina og einkum bindandi ákvörðun persónuverndarráðsins,
- d) að tilkynna um bindandi ákvörðun persónuverndarráðsins,
- e) að tilkynna um að eftirlitsyfirvald hafi tilkynnt annars vegar ábyrgðaraðila eða vinnsluaðila og hins vegar hinum skráða um endanlega ákvörðun og dagsetningu tilkynningarinnar.

3. Að því er varðar 66. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2016/679 skal IM-upplýsingakerfið einkum gefa kost á eftirfarandi tæknilegum aðgerðum:

- a) að tilkynna um bráðabirgðaráðstafanir og ástæðurnar fyrir samþykkt þeirra,
- b) að leggja fram beiðni um flýtiálit eða flýtiákvörðun persónuverndarráðsins,
- c) að tilkynna um álitdrög eða drög að ákvörðun persónuverndarráðsins,
- d) að tilkynna um beiðni og einkum álitdrög eða drög að ákvörðun persónuverndarráðsins,
- e) að tilkynna um lokaálit eða endanlega ákvörðun persónuverndarráðsins,
- f) að tilkynna um hvort fyrirhugað sé að fylgja álitu persónuverndarráðsins eða ekki og, ef við á, að breyta drögunum að ákvörðun,
- g) að tilkynna um að eftirlitsyfirvald hafi tilkynnt viðkomandi aðilum um ákvörðunina.

5. gr.

#### **Geymsla og endurnotkun gagna vegna síðari vinnslu**

IM-upplýsingakerfið skal gefa kost á geymslu gagna sem unnin eru við upplýsingaskipti skv. 56. gr. og 60.-66. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679. Ef slík gögn eru nauðsynleg vegna síðari vinnslu samkvæmt þessum greinum skal IM-upplýsingakerfið leyfa endurnotkun á geymdum gögnum.

6. gr.

#### **Samræmd beiting reglugerðar (ESB) nr. 2016/679**

IM-upplýsingakerfið skal gefa kost á virkni sem gerir persónuverndarráðinu kleift að miðla skjölum og upplýsingum eins og um getur í d- til k-lið, m-lið og x-lið 1. mgr. 70. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679.

7. gr.

#### **Úttekt**

Leggja skal úttektina á niðurstöðum tilraunaverkefnisins sem um getur í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1024/2012 fyrir Evrópuþingið og ráðið eigi síðar en 31. desember 2021.

8. gr.

#### **Gildistaka og beiting**

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 25. maí 2018.

Gjört í Brussel 16. maí 2018.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---